

Erindisbréf starfshóps um heildarsýn Kópavogsdals

I. Kafli Skipan og umboð

Bæjarráð Kópavogs ákvað á fundi sínum þann 31. ágúst 2023 að setja á laggirnar starfshóp til að vinna heildarsýn fyrir Kópavogsdal.

1. gr.

Starfshópurinn er skipaður af bæjarráði Kópavogs. Starfshópurinn er skipaður um afmarkað verkefni, sem er að koma með tillögu að heildarsýn fyrir Kópavogsdal og leggja mat á hvort ástæða sé til að gera breytingar á gildandi skipulagsáætlun Kópavogsdalsins.

Umboð starfshópsins getur bæjarráð afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hópnum eiga sæti sjö fulltrúar;

- Formaður skipulagsráðs; Hjördís Ýr Johnson
- Tveir fulltrúar meirihluta (tilnefndur af meirihluta)
- Tveir fulltrúar minnihluta (tilnefndur af minnihluta)
- Starfsmaður á umhverfissviði
- Starfsmaður á menntasviði

Formaður hópsins er formaður skipulagsráðs, Hjördís Ýr Johnson.

3. gr.

Hlutverk starfshópsins er að móta heildarsýn fyrir dalinn og hvort ástæða þykir til að leggja fram tillögur að breytingum á gildandi skipulagsáætlunum fyrir svæðið. a

Afmörkun svæðisins skal miðast við deiliskipulagssvæði Kópavogsdals. Svæðið er afmarkað í Aðalskipulagi Kópavogs sbr. fylgiskjali 1 sem er uppdráttur af svæði.

Meginhlutverk starfshópsins er eftirfarandi:

- Skilgreina hagaðila á svæðinu og gefa þeim kost á að skila inn þarfagreiningu.
- Kalla eftir hugmyndum frá íbúum.
- Vinna að heildarsýn fyrir svæðið með hliðsjón af markmiðum Aðalskipulags og þörfum hagaðila og íbúa.
- Skoða hvernig hugmyndir um uppbyggingu á íþróttasvæði dalsins falla að aðliggjandi byggð og yfirbrag Kópavogsdals hvað varðar stærð og hlutföll, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

- Útfæra og sammælast um tillögur, ef kostur er, sem lagðar verða fyrir skipulagsráð og bæjarráð Kópavogs

Fundir og starfshættir

4. gr.

Starfsmaður undirbýr dagskrá funda starfshópsins í samráði við formann, boðar fundi, ritar fundargerð, fylgir eftir samþykktum funda og aftar gagna. Starfshópurinn skal í upphafi vinnu gera starfsáætlun og funda jafn oft og þurfa þykir. Geti fulltrúi ekki sótt fundi skal hann tilkynna forföll.

5. gr.

Fundir skulu fara fram skv. starfsáætlun en annars boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Formaður starfshóps stýrir fundum. Starfshópurinn hefur umboð til að kalla starfsfólk Kópavogsbæjar til fundar og fela þeim verkefni.

Hópnum er heimilt að kaupa að þjónustu vegna vinnu sinnar en skal leita samþykkis bæjarráðs vegna kostnaðar og leggja fram kostnaðaráætlun.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

6. gr.

Starfshópurinn skal skila skýrslu og fullbúnum tillögum til bæjarstjóra fyrir 15. janúar 2024.

Starfshópurinn skal leitast við að leggja fram sameiginlegar tillögur. Náist ekki samstaða um tillögur ræður einfaldur meirihluti nefndarmanna hvaða tillögur eru lagðar fram.

Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni og/eða skila sértillögum.

7. gr.

Samþykkt í bæjarráði 28. september 2023